

MEGINHLUTVERK SAMTAKA REYNA AÐ SKAPA VINSTRI AÐSTÖÐU Í ÍSLENSKUM

I.

Landsfundur Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1974 fagnar þeirri samfylkingu aðildarhreyfinga og stuningsmanna F-listans sem orðið hefur, og skipulagsbreytingum á Samtökunum í samræmi við hana.

Samtökin munu áfram vinna af alefli að framgangi þeirra baráttumála, sem fólust í stofnstefnuskrá Samtakanna og kosningastefnuskrá F-listans sl. sumar og leggja megináherslu á:

1

að berjast fyrir skilningi allra þjóða á því, að fiskstofnar Norður-Atlantshafsins eru nú svo ofveiddir, að útfærsla fiskveiðilögsögu í 200 sjómilur er óhjákvæmileg verndaraðgerð, og að sókn í þessa fiskstofna næstu árin er ekki unnt að réttlæta með öðru en brýnustu lífshagsmunum hlutaðeigandi strandríkja.

2

að knýja fram stórauðar aðgerðir í byggðamálum í samræmi við tillögur þingmanna Samtakanna á Alþingi.
að halda áfram skipulegri uppbyggingu íslenskra atvinnuvega, og berjast gegn atvinnuleysi í sérhverri mynd.
að leggja höfuðáherslu á það að hefta verðbólguvöxtinn.
að berjast gegn verðbólguþraski og eignatilfærslu frá launþegum til atvinnurekenda.
að verðtryggja sparifé og langtímafjárskuldbindingar.
að framfærslukostnaður verði gerður sem jafnastur um allt land.

3

að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis, einkum úti á landsbyggðinni, með bættri byggingartækni og með bættu kerfi lána Húsnæðismálastjórnar ásamt aukinni fjárhagsfyrirgreiðslu á félagslegum grundvelli, og með hliðstæðum ráðstöfunum, sem gera ungu fólki kleift að eignast hóflegar íbúðir.

4

að sporna við yfirráðum auðmagns og auðhringa.
að berjast fyrir launajöfnuði.
að standa vörð um frjálsan samningsrétt launþega, og vinna að því að þeir launþegar, sem nú hafa ekki fullan verkfallsrétt, fái hann til jafns við aðra,



að berjast gegn afnámi verðlagsákvæða og fyrir eflingu verðlagseftirlits,
að eftirlaunakerfi landsmanna verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar og að því stefnt, að allir landsmenn njóti sömu lífeyrissjóðsréttinda.

5

að berjast fyrir sjálfstæðri íslenski utanríkisstefnu
að Ísland standi á alþjóðavettvangi utan hernaðarbandalaga, og leggi lið málstað þeirra þjóða, sem eiga í baráttu fyrir stjórnarfarslegu og efnahagslegu sjálfstæði sínu,
að herða baráttuna fyrir brottför erlands hers af Íslandi,
að efla stórlega efnahagsaðstoð Íslands við vanþróaðar þjóðir,

6

að auka jafnrétti þegnanna á öllum sviðum, hvort heldur tekur til menntunar, starfs, menningar eða tómstunda, og leggja í því sambandi sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna og jafnrétti án tilfyllis til búsetu,
að lögð verði aukin áhersla á að skapa fótluðum aðstöðu til eðlilegrar þátttöku í þjóðlífinu við hlið annarra.

7

að framkvæmd grunnskólalaganna um land allt verði hraðað sem mest, framhaldsskólastigið endurskipulagt frá grunni, og verkmenntun skipaður sá veglegi sess, sem nauðsyn ber til, í fræðslukerfi, sem fullnægja á þörfum nútíma þjóðfélags,
að styðja og efla frjálst menningarstarf félaga og einstaklinga, listir og bókmenntir, í anda þjóðmenningar og

ræktunar tungunnar, með glöggri sýn til umheimsins.

8

að efla verndun íslensks náttúru- og gróðurfars og sporna við eyðingu og mengun á láði, í lofti og legi og hafa mið af þeirri stefnu við hagfellda nýtingu auðlinda.

9

að gæta fyllstu varúðar í samskiptum Íslendinga við erlenda auðhringa, berjast gegn áhrifum þeirra í íslensku efnahagslífi og mengunaráhrifum stóriðju á íslenskt lífkerfi
að tryggja, að hvers konar stóriðja, sem stofnað kynni að verða til hér á landi, lúti félagslegum yfirráðum landsmanna sjálfra og sé að meirihluta í eigu þjóðarinnar,
að tryggja skipulega nýtingu íslenskra orkulinda með það fyrir augum að fullnægja núverandi orkuþörf allra landshluta sem fyrst og með hagsmuni þjóðarinnar í nútíð og framtíð fyrir augum.

10

að landið verði nýtt með tilliti til þess veigamikla hlutverks sem landbúnaður mun áfram gegna í atvinnulífi þjóðarinnar, og tryggt að þeir, sem landbúnað stunda, búi við sambærileg kjör og aðstöðu og aðrir þjóðfélagsþegar.

II.

Landsfundur lýsir sérstakri andstöðu við þær efnahagsaðgerðir, sem núverandi ríkisstjórn hefur framkvæmt, og valdið hafa störfellustu kjaraskerðingu launþega um langt skeið, þar sem kaupmáttur

**LÝST FULLUM STUÐNINGI VIÐ BARÁTTU
TIL ÞESS AÐ RÉTTA HLUT ALMENNRA LAU**

VIKANNA ER AÐ ÖFLUNUM LYKIL- STJÓRN MÁLUM

almennt launa hefur sannanlega skerzt a.m.k. 35% á undanförunum mánuðum og mun skerðast mun meira á næsta hálfu ári.

Landsfundurinn lýsir fullum stuðningi við þá baráttu launþegasamtaka sem framundan er, til þess að rétta hlut almennra launamanna. Algert forgangsverkefni í þessum málum er hækkun launa í láglaunaflokkunum eða bætt kjör láglaunamanna með öðrum þeim hætti, sem launþegasamtökin meta til jafns við launahækkun.

Landsfundurinn itrekar tillögur þingflokks Samtakanna um nauðsyn ýtarlegrar rannsóknar á fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækja þjóðarinnar. Slíka rannsókn verður að framkvæma á þann hátt, að landsmenn almennt geti borið traust til niðurstöðu hennar. Því er bent á þá leið, að þingkjörin nefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, ásamt fulltrúum launþegasamtakanna, annist þessa rannsókn og hraði störfum.

Frjáls samningsréttur launþegasamtaka er einn af hornsteinum nútíma þjóðfélags. Landsfundurinn lýsir fullum stuðningi við baráttu launþega gegn sviptingu samningsréttarins með lögum. Samtökin standa heils hugar að baki launþegasamtakanna í sókn þeirra til að ná í sínar hendur fullum samningsrétti.

III.

Samtökin gengu til kosninga við einkar erfiðar aðstæður s.l. sumar. Þeim tókst því ekki að þessu sinni að fá þá oddaðstöðu á Alþingi, sem nægt hefði til að tryggja myndun nýrrar vinstri stjórnar. Viðtæður um vinstri stjórn strönguðu vegna afstöðu forystumanna Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, og skömmu síðar sömdu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn um myndun þeirrar hægri stjórnar, sem nú fer með völd.

Þann skamma tíma, sem núverandi ríkisstjórn hefur setið að völdum, hefur raunveruleg stefna hennar komið skýrt í ljós. Megineinkenni þeirrar stjórnarstefnu í framkvæmd eru þessi:

a) Skerðing á kjörum og réttindum launþega. Mikið fjármagn er flutt frá launþegum til atvinnurekenda, kjarasamningum riftað og kaup lækkað. Jafnframt því sem verðlag hækkar

stórlega, er verðtrygging launa numin úr gildi með lagasetningu.

b) Samdráttur í framkvæmdum úti á landsbyggðinni. Dregið er úr þeirri margháttuðu uppbyggingu, sem átti sér stað úti á landsbyggðinni í tíð vinstri stjórnarinnar, á sama tíma og fyrirhugaðar eru stórfelldar framkvæmdir á suðvesturhorni landsins.

c) Afturhvarf til viðreisnarstefunnar í utanríkismálum, sem leitt hefur til ósjálfstæðrar afstöðu á alþjóðavettvangi. Í stað skýrrar stefnu um brottför hersins er nú stefnt að langvarandi hersetu og auknu hermangi.

Af þessum sökum lýsa Samtökin yfir fullri andstöðu við þá íhaldsstjórn, sem nú nú fer með völd í landinu, og við þá stefnu, sem hún fylgir.

IV.

Samtökin telja einsýnt, að stefna jafnaðar- og samvinnumanna verði aldrei framkvæmd í samstarfi við íhaldsöflin, og hún fái því aðeins nægilegt brautargengi, að vinstri öflin hafi lykilaðstöðu í íslenskum stjórnmálum. Það er því meginviðfangsefni Samtakanna að vinna að myndun þeirrar stöðu.

Samtökin munu því sem áður beita sér fyrir því að tengja saman vinstri menn í landinu, efla samstarf félagshreyfinga þeirra og sameiginlega stefnumörkun og að vinna að mótun sameiginlegs stjórnmálaaflls á grundvelli hugsjóna jafnaðar og samvinnu og í nánnum tengslum við hreyfingar launþega, bændu og samvinnumanna, og knýja fram í krafti þeirrar samstöðu kerfisbreytingar á íslensku þjóðfélagi.

Þörfin á sameiningu allra þeirra, sem leysa vilja brýn viðfangsefni þjóðarinnar og vinna að þróun þjóðfélagsins til langframa í anda jafnaðar og samvinnu, er almennt viðurkennd meðal þorra fylgismanna vinstri flokkanna, en öll sameinngarviðleitni hefur hingað til strandað á þröngum flokksjónarmiðum forystuhópa þeirra vinstri flokka sem standa á gömlum merg.

Þegar harðar efnahagsþrengingar dynja yfir, er brýnna en ella, að stjórnmálakraftar vinstri manna séu samvirkir og markvissir, en ekki sundraðir.

Flokksstjórn Samtakanna

A Landsfundi Samtakanna var kjörinn 60 manna flokksstjórn, en auk þeirra manna eiga framkvæmdastjórnarmenn, sem eru 15. sæti í flokksstjórninni. Kjör flokksstjórnarmanna fór fram með tvennum hætti: annars vegar voru kjörnir sex fulltrúar úr hverju kjördæmi samkvæmt tillögu landsfundarfulltrúa úr viðkomandi kjördæmi, og hins vegar voru kjörnir 12 fulltrúar sameiginlega af öllum landsfundarfulltrúum. Allar kosningar voru einróma.

I flokksstjórn voru kjörnir eftirtaldir menn:

Vesturlandskjördæmi:

Gisli Gunnlaugsson, Búðardal
Helgi Finnbogason, Gerðubergi
Sveinn Jóhannesson, Flóbatanga
Jón A. Guðmundsson, Kollslæk
Garðar Halldórsson, Akranesi
Þorsteinn Ragnarsson, Akranesi

Vestfjarðakjördæmi:

Magnús Reynir Guðmundsson, Isafirði
Sturla Halldórsson, Isafirði
Valdimar Gíslason, Bolungarvík
Hendrik Tausen, Flateyri
Bjarni Pálsson, Núpi
Hjörleifur Guðmundsson, Patreksfirði

Norðurlandskjördæmi vestra:

Egbert Theodorsson, Siglufirði
Guðrún Lára Asgeirsdóttir, Mælfelli
Úlfar Sveinsson, Ingveldarstöðum
Hörður Ingimarsson, Sauðárkróki
Hilmar Kristjánsson, Blönduósi
Þorvaldur G. Jónsson, Guðrunarstöðum

Norðurlandskjördæmi eystra:

Rúnar Þorleifsson Dalvík
Benóný Arnórsson, Reykjadal
Freyr Bjarnason, Husavík
Eiríkur Jónsson, Akureyri
Heiðrún Steingrimsdóttir, Akureyri
Þórarinn Þorbjarnarson, Akureyri

Austurlandskjördæmi:

Magnús Stefánsson, Fáskrúðsfirði
Karl Ferdinandsson, Reyðarfirði
Elma Guðmundsdóttir, Neskaupstað
Emil Emilsson, Seyðisfirði
Astráður Magnússon, Egilsstöðum
Agústa Þorkelsdóttir, Refstað

Suðurlandskjördæmi:

Hildur Jónsdóttir, Vestmannaeyjum
Arnþór Helgason, Vestmannaeyjum
Andrés Sigmundsson, Selfossi
Halldór Hafsteinsson, Selfossi
Sigurveig Sigurðardóttir, Laugavatni
Baldur Arnason, Torfastöðum

Reykjaneskjördæmi

Hallgrímur Pétursson, Hafnarfirði
Guðmundur Aðalsteinsson, Hafnarfirði
Andri Isaksson, Kópavogi
Ólafur Jensson, Kópavogi
Sigurður Einarsson Kópavogi
Ingimar Jónasson, Kópavogi

Reykjavíkurborgkjördæmi

Asa Jóhannsdóttir,
Vesteinn Ólason
Einar Hannesson
Einar Þorsteinn Asgeirsson
Margrét Auðunsdóttir
Ingólfur A. Þorkelsson.

12 flokksstjórnarmenn kjörnir sameiginlega af Landsfundi:

Alfréð Gíslason, Reykjavík,
Armann Egir Magnússon, Reykjavík
Guðmundur Bergsson, Reykjavík
Gunnar Gunnarsson, Reykjavík
Þorbjörn Guðmundsson, Reykjavík
Kári Arnórsson, Reykjavík
Jón Kr. Guðmundsson, Borgarnesi
Jónas Helgason, Isafirði
Magnús H. Gíslason, Frostastöðum
Ingólfur Arnason, Akureyri
Skjöldur Eiríksson, Skjöldólfstöðum
Guðmundur V. Stefánsson, Hveragerði.

LAUNÞEGASAMTAKANNA
UNAMANNA Á NÆSTUNNI